

Til bæjarráðs

Efni: Tillaga um skipun starfshóps

Á fundi bæjarstjórnar 17. sept. sl. var samþykkt að vísa neðangreindri tillögu bæjarfulltrúa Steinþórs Einarssonar til bæjarráðs.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að skipa starfshóp sem skal hafa það hlutverk að fylgja eftir ljósleiðaravæðingu til heimila, fyrirtækja og stofnana í bænum.“

Greinargerð:

Í dag er talið að um þriðjungur heimila geti tengst ljósleiðara og ekki eru áætlanir um að öll heimili geti tengst ljósleiðara fyrr en í fyrsta lagi árið 2019, gangi allt eftir.

Frá árinu 2006 til ársins 2014 hefur atvinnu- og tækniþróunarnefnd unnið að því verkefni að efla háhraðatengingar til heimila, fyrirtækja og stofnana í Garðabæ með litlum árangri. Við upphaf þessa kjörtímabils var atvinnu- og tækniþróunarnefnd lögð niður og verkefni nefndarinnar flutt til bæjarráðs.

Vegna þreifinga bæjarins við eitt fyrirtæki á markaði varðandi ljósleiðaravæðingu, er nauðsynlegt að setja málið í fastan farveg.